

Reginn hf.

Framboð til stjórnar Regins hf. og krafa um margfeldiskosningu á aðalfundi sem haldinn verður 21. apríl 2015 í Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúsi, í Björtuloftum, Austurbakka 2, 101 Reykjavík, klukkan 16:00.

Framboðsfrestur til stjórnar Regins hf. rann út þann 16. apríl sl. Eftirtaldir einstaklingar hafa gefið kost á sér til setu í stjórn félagsins:

Í framboði til aðalstjórnar eru:

Albert Þór Jónsson, kt. 180562-3119

Benedikt K. Kristjánsson, kt. 190952-4879

Bryndís Hrafnkelsdóttir, kt.070864-7899

Jón Steindór Valdimarsson, kt. 270658-6609

Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir, kt. 180877-4249

Tómas Kristjánsson, kt. 151165-3389

Í framboði til varastjórnar eru:

Finnur Reyr Stefánsson, kt. 140169-3659

Hjördís Dröfn Vilhjálmisdóttir, kt. 100369-5839

Er það mat stjórnar að öll framboð séu gild sbr. 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Frambjóðendur til varastjórnar eru sjálfkjörnir.

Nánari upplýsingar um frambjóðendur eru í viðhengi.

Krafa um margfeldiskosningu

Stjórn Regins hf. hafa borist kröfur frá hluthöfum um að beitt verði margfeldiskosningu til kosningar stjórnar Regins hf. sem fram fer á aðalfundi félagsins þann 21. apríl næstkomandi. Umræddar kröfur bárust stjórn innan tilskilins frests og barst frá hluthöfum sem hafa yfir að ráða meira en 1/10 hlutfjár sbr. 23. gr. samþykka félagsins og 7. mgr. 63. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Margfeldiskosningu verður því beitt við stjórnarkjörið.

Margfeldiskosning fer fram með eftirfarandi hætti sbr. c. lið 6. mgr. 63. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Kosið skal á milli einstaklinga. Gildi hvers atkvæðis skal margfaldað með fjölda þeirra stjórnarmanna sem kjósa skal og má hluthafi skipta

atkvæðamagni sínu, þannig reiknuðu, í hverjum þeim hlutföllum, sem hann sjálfur kýs, á jafnmarga menn og kjósa skal eða færri. Ef ekki er á atkvæðaseðli getið skiptingar atkvæða á milli þeirra sem þau eru greidd skal þeim skipt að jöfnu.

Kópavogur, 17. apríl 2015

Stjórn Regins hf.